

# Ungmennasambandið Úlfljótur

## 92. ársþing



Haldið á Hrollaugsstöðum  
22. apríl 2025

## Stjórn USÚ 2024

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður

Jón Guðni Sigurðsson, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Björgvin Hlíðar Erlendsson, varamaður

Hannes Halldórsson, varamaður

## Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Jóhann Kiesel (fyrir GHH), Bryndís Björk Hólmarsdóttir (fyrir Hestamannafélagið) og Þóra Björg Gísladóttir (fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð).

## Skoðunarmenn reikninga

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

## Aðildarfélag USÚ

Ungmennafélagið Sindri

formaður: Einar Sigurjónsson

- Badmintondeild
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Körfuknattleiksdeild
- Rafíþróttadeild
- Sunddeild

Ungmennafélagið Máni

formaður: Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir

Hestamannafélagið Hornfirðingur

formaður: Magnús Skúlason

Golfklúbbur Hornafjarðar

formaður: Halldóra K. Guðmundsdóttir

Ungmennafélag Öræfa

formaður: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Ungmennafélagið Vísir

formaður: Bjarni Malmquist Jónsson

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Jón Kjartansson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Ingólfur Guðni Einarsson

Klifurfélag Öræfa

formaður: Íris Ragnarsdóttir Pedersen

*Ungmennafélögin Hvöt og Valur eru ekki starfandi*

## **Dagskrá 92. ársþings USÚ**

1. Þingsetning
2. Kosning þingforseta
3. Kosning þingritara
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
5. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
7. Álit kjörbréfanefndar
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins og afgreiðsla þeirra
9. Útnefning íþróttamanns ársins 2024 og veiting hvatningarverðlauna
10. Ávörp gesta
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar

### **Þinghlé**

14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu
15. Kosningar
  - a. Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara
  - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
  - c. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
  - d. Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara.
16. Önnur mál
17. Þingslit

## Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2024

91. ársþing USÚ var haldið í Nýheimum mánudaginn 29. apríl 2024. Þingið var vel sótt og mættu 44 fulltrúar af þeim 55 sem rétt áttu á þingsetu. Ánægjulegt var að fulltrúar frá öllum níu aðildarfélögum USÚ mættu. Ragnheiður Högnadóttir mætti á þingið fyrir hönd UMFÍ og sæmdi Ingu Kristínu Sveinbjörnsdóttur starfsmerki UMFÍ fyrir hennar störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Ragnheiður vatt sér einnig í hlutverk þingforseta og stýrði þinginu af röggsemi. Blakkonan Cristina A. Oliveira Ferreira var kjörin íþróttamaður ársins 2023 og einnig voru fjögur ungmenni sæmd hvatningarverðlaunum USÚ. Voru það Arna Ósk Arnadóttir, Hannes Þór Guðnason, Hilmar Óli Jóhannsson og Ída Mekkin Hlynsdóttir sem hlutu viðurkenninguna að þessu sinni. Stjórn USÚ hélst óbreytt frá fyrra ári. Stjórnin hóf strax störf eftir þingið og mætti á þau þing og fundi sem henni bar. Þann 8. júní fór Vorfundur UMFÍ fram í Vogum á Vatnsleysuströnd, en þar var Landsmót 50+ einnig haldið á sama tíma. Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn þann 12. október í félagsheimilinu Þinghamri á Varmalandi í Borgarfirði og Formannafundur ÍSÍ var haldinn í hátíðarsal Knattspyrnufélagsins Þróttar í Laugardalnum þann 22. október.

Um mánaðarmótin maí/júní hóf annar af tveimur svæðisfulltrúum íþróttahéraðanna störf á Austurlandi. Störf svæðisfulltrúanna 16 sem skiptast um landið á átta starfsstöðvar voru settar á laggirnar sem mótvægisáðgerð við breyttum úthlutunarreglum lottós hjá bæði UMFÍ og ÍSÍ til þess að fjármagn myndi sitja eftir á landsbyggðinni. Seinni starfsmaður Austurlands hóf störf 1. desember.

USÚ veitti styrki á árinu úr Styrktar- og afrekssjóði. Aðeins ein styrktar umsókn barst í aðalsjóðinn, en hún var ekki talin styrkhæf í því formi sem hún var send inn. Að styðja við starfið innan okkar félaga er stjórninni mikilvægt og hefur hún reynt að hafa það að leiðarljósi að styrkirnir nýtist grasrótinni, iðkendum og félögum sem best. Stjórnin hvetur því aðildarfélög til þess að sækja um styrki til sambandsins. Einnig vill stjórnin ítreka mikilvægi og þakka fyrir framlag sveitarfélagsins í Styrktar- og afrekssjóðinn því með aðkomu þess er hægt að veitta styrki sem virkilega skipta máli.

Þó árið hafi kannski ekki verið tíðinda mikið lagði stjórn USÚ mikla áherslu á að standa vörð um það að íþróttahreyfingin fái að taka þátt í samtali og átt sé samráð við hana þegar ákvarðanir er varða hreyfinguna eru teknar innan sveitarfélagsins. Það vill ansi oft gleymast að það er fólkið í hreyfingunni, fólkið sem að situr í sjálfbóðaliðastörfunum sem veit best hvað íþróttahreyfingin þarf.

Í lokin vill stjórnin minna á að á heimasíðu usu.is er hægt að finna lög og reglur sambandsins og upplýsingar um styrktarumsóknir. Einnig er mikið af upplýsingum inn á heimasíðum ÍSÍ og UMFÍ sem geta nýst aðildarfélögum í þeirra vinnu. Heimasíða samskiptaráðgjafa hefur að geyma mikið magn af upplýsingum, meðal annars samræmda viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs sem og leiðbeiningar um öflun upplýsinga úr sakaskrá. Þá vekur stjórnin sérstaklega athygli á Svæðisstöð íþróttahéraða á Austurlandi og hvetur hún sambandsaðila til

Þess að nýta sér þjónustu starfsmannanna sem þar eru. Að sjálfsgöðu má einnig alltaf leita til stjórnar USÚ eftir aðstoð.

USÚ og aðildarfélög þess gegna lykilhlutverki í mótun íþróttá- og lýðheilsustarfs. Með fjölbreyttu starfi leggja þau grunn að samfélagi þar sem vellíðan, þátttaka og hreyfing eru ekki undantekning, heldur hluti af daglegu lífi. Stjórnin vill þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem sinna störfum fyrir sín aðildarfélög. Verkin eru margvísleg, allt frá stjórnarsetu, sjoppuvöktum, viðhaldi á aðstöðu og svo mætti lengi telja. Það er ekki sjálfgefið að starfa af alúð og krafti fyrir sitt aðildarfélag, það þarf mikla ástríðu fyrir starfinu. Sú ástríða sést bersýnilega á sambandssvæði USÚ, takk sjálfboðaliðar!

*Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ*

## **Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2024**

Á árinu 2024 var einu sinni úthlutað úr sjóðnum.

*Þessi hlutu styrki 11. júní 2024, samtals 495.000 kr.:*

Hópur leikmanna úr 10. og 11. flokki Umf. Sindra í körfuknattleik, 11 leikmenn alls, vegna æfingabúða í Serbíu.

Hópur leikmanna úr 3. flokki kk og kvk í knattspyrnu hjá Umf. Sindra, 22 leikmenn alls, vegna æfinga- og keppnisferðar til Spánar.

## Ársreikningur USÚ 2024

	2024	2023		Fjárhagsáætlun 2024
Rekstrartekjur				
Lottó	7.693.098	10.641.286		5.212.526
Getraunir	1.743.561	1.087.515	1)	1.743.561
Aðrar tekjur	189.000	124.500	2)	80.000
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>9.625.659</b>	<b>11.853.301</b>		<b>7.036.087</b>
Rekstrargjöld				
Lottó til aðildarféлага	7.584.830	8.931.375		4.170.021
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	302.096	603.711	5)	781.879
Auglýsingar og heimasíða	31.589	28.627		50.000
Verðlaun	53.880	51.460		50.000
Ferða- og fundakostnaður	212.492	370.490	3)	400.000
Styrkir	0	1.700.000	4)	1.200.000
Annar mótakostnaður	189.000	124.500	2)	80.000
Annað	279.472	1.058		50.000
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>8.653.359</b>	<b>11.811.221</b>		<b>6.781.900</b>
Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	972.300	42.080		254.187
Fjármagnsliðir				
Vaxtatekjur	407.783	309.467		240.000
Fjármagnstekjuskattur	-89.712	-68.082		-52.800
<b>Fjármagnsliðir alls</b>	<b>318.071</b>	<b>241.385</b>		<b>187.200</b>
Hagnaður/Tap	1.290.371	283.465	6)	441.387
Efnahagsreikningur 31.12.2024				
Eignir				
Bankainnistæður	11.680.523	10.390.152		
<b>Eignir alls</b>	<b>11.680.523</b>	<b>10.390.152</b>		
Eigið fé	9.239.203	7.020.294		
Skuldir				
Ógreitt lottó til aðildarféлага v. áramót	1.702.645	3.369.858		
Ógreitt lottó í styrktar- og afrekssjóð	738.675	0	5)	
Ógreiddir reikningar	0	0		
<b>Skuldir alls</b>	<b>2.441.320</b>	<b>3.369.858</b>		
<b>Skuldir og eigið fé 31.12.2024</b>	<b>11.680.523</b>	<b>10.390.152</b>		

## Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2024

	2024	2023
Rekstrartekjur		
Lottó	302.096	603.711
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði	924.794	460.000
Aðrir styrkir	0	0
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>1.226.890</b>	<b>1.063.711</b>

7)

Rekstrargjöld		
Styrkir	495.000	1.835.757
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>495.000</b>	<b>1.835.757</b>

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	731.890	-772.046
----------------------------------	---------	----------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	464.416	411.645
Fjármagnstekjuskattur	-102.172	-90.562
<b>Fjármagnsliðir alls</b>	<b>362.244</b>	<b>321.083</b>

Hagnaður/Tap	1.094.134	-450.963
--------------	-----------	----------

Efnahagsreikningur 31.12.2024

Eignir		
Styrktar- og afrekssjóður	6.534.166	5.440.032
Inneign hjá aðalsjóði	738.675	0
<b>Eignir alls</b>	<b>7.272.841</b>	<b>5.440.032</b>

Eigið fé	7.272.841	5.440.032
----------	-----------	-----------

Skuldir		
<b>Skuldir alls</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

<b>Skuldir og eigið fé 31.12.2024</b>	<b>7.272.841</b>	<b>5.440.032</b>
---------------------------------------	------------------	------------------

## Skýringar

- 1) Hlutur USÚ í getraunastarfsemi í héraðinu. Samkvæmt 3. efnisgrein 7. gr. laga um getraunir, nr. 59/1972, fær stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.
- 2) Hlutur USÚ í iðkendagjaldi FRÍ og þau tilfelli þegar keppandi frá USÚ skráir sig sjálfur á frjálsíþróttamót og greiðir ekki þáttökugjaldið. Reikningur er þá sendur til USÚ, sem rukkar svo frjálsíþróttadeild Sindra.
- 3) Kostnaður við USÚ þing 2024 og þá fundi sem USÚ er skylt að mæta á.
- 4) Einungis ein umsókn barst árið 2024, en stjórnin sá sér ekki fært að styrkja verkefnið.
- 5) Við síðari lottóúthlutun ársins 2024 gleymdist að millifæra 738.675 kr. inn á reikning styrktar- og afrekssjóðs.
- 6) Ef ástæða skýringar 5 væri ekki fyrir hendi, væri rekstrarniðurstaðan eftir fjármagnsliði 551.696 kr.
- 7) Framlag Sveitarfélagsins 2023 var greitt 2024 og framlagið 2024 var ógreitt um síðustu áramót.

---

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ

---

Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.

---

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ

---

Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

---

Jón Guðni Sigurðsson, ritari USÚ



## Lög Ungmennasambandsins Úlfljóts

### 1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfljótur, skammstafað USÚ.

### 2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

### 3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
3. Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

### 4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþróttá og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

### 5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSÍ og UMFÍ.

### 6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

### 7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt þingboð (síðara þingboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögunum með síðara þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

### 8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda félaga. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda félaga. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu starfsskýrsluskil og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

### 9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins, og afgreiðsla þeirra.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning.
  - Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara.
  - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera skoðunarmenn reikninga aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin skoðunarmenn reikninga)
  - Kosning fulltrúa á Ípróttaping (ÍSí þing).
  - Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara, sem starfa skulu fram að lokum næsta ársþings.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

#### **10. gr. Aukaping:**

Aukaping má halda ef meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur aðildarfélaga óskar þess. Tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaping eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

#### **11. gr. Kjör stjórnar og hlutverk kjörnefndar:**

Hlutverk kjörnefndar er að gera tillögur um menn í stjórn og varastjórn. Framboðum til stjórnar og varastjórnar skal skila til kjörnefndarinnar tveimur vikum fyrir ársþing. Auglýst skal eftir framboðum með fyrra þingboði. Stjórn USÚ skal skipuð þannig að aldrei séu fleiri en tveir stjórnarmenn frá sama félagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundur skal halda minnst 4 sinnum á ári.

#### **12. gr. Hlutverk stjórnar:**

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félög er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

#### **13. gr. Nefndir:**

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

#### **14.gr.**

Sambandið og aðildarfélag þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

### **15. gr. Lagabreytingar:**

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

### **16. gr.**

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).

### **17. gr. Gildistaka:**

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og falla jafnframt öll eldri lög úr gildi við samþykkt þeirra.

*Lögum þessum var síðast breytt á 90. ársþingi USÚ, 23. mars 2023.*

## **Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ**

### **1. grein**

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

### **2. grein**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirski afreksmenn til æfinga og keppni og einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandssvæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.

### **3. grein**

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarfélaga sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

### **4. grein**

Tekjur sjóðsins verða:

- Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. reglugerð hverju sinni.
- Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Frjáls framlög sem sjóðnum berast.

### **5. grein**

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur innkomu hans á hverju ári.

### **6. grein**

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.

### **7. grein**

Til þess að sækja um styrk þarf að senda stjórn USÚ umsókn, í samræmi við auglýsingu hverju sinni. Umsóknir sem berast á öðrum tímum skulu geymdar til næstu úthlutunar.

### **8. grein**

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

### **9. grein**

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

### **10. grein**

Funda skal sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

## 11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

*Síðast breytt á 85. ársþingi USÚ, 12. mars 2018*

## Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

### 1. grein – Skipting lottótekna USÚ

Af heildinni fara:

- 5% til USÚ
- 15% í Styrktar- og afrekssjóð USÚ
- 80% til aðildarfélaga

### 2. grein – Skipting lottótekna til aðildarfélaga USÚ

- 20% er skipt jafnt
- 40% er skipt eftir fjölda iðkenda á aldursbilinu 6-16 ára
- 20% er skipt eftir fjölda annarra iðkenda
- 20% er skipt eftir félagsmannafjölda

Tölur yfir iðkendur og félagsmenn miðast við síðustu starfsskýrsluskil á undan.

### 3. grein – Skilyrði fyrir úthlutun

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði til að félag geti fengið úthlutað lottói:

- Skila verður starfsskýrslu, þ.m.t. ársreikningi og félagatali, til ÍSÍ og UMFÍ eigi síðar en á útgefnum skiladegi.
- Halda verður aðalfund í félaginu og skila fundargerð inn til USÚ fyrir ársþing USÚ hvert ár.
- Félagið verður að senda a.m.k. helming þeirra fulltrúa sem það á rétt á á ársþing USÚ.

Sé eitthvert þessara skilyrða óuppfyllt, fellur úthlutun niður hjá hlutaðeigandi félagi það árið. Úthlutun sem fellur niður deilist á önnur aðildarfélög samkvæmt 1. og 2. gr.

### 4. grein – Ný aðildarfélög

Ný aðildarfélög USÚ fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og að liðin séu a.m.k. tvö ár frá inngöngu þeirra.

### 5. grein – Um úthlutun

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Reglum þessum má einungis breyta á ársþingi með 2/3 hluta greiddra atkvæða.

*Þessum reglum var síðast breytt á 91. ársþingi USÚ, 29. apríl 2024*

# Starfskýrslur aðildarfélaga

## Starfsskýrsla Ungmennafélagsins Mána

Starfsemin á árinu 2024 var að mestu með hefðbundnum hætti.

Um áramótin var vont veður og því náði björgunarsveitin ekki að kveikja í brennunni á Höfn. Okkar brenna var því haldin með Björgunarsveitinni á Höfn það árið. Að vanda var tilkomumikil flugeldasýning.

Aðalfundur Mána var haldinn 21. mars og voru 5 manns sem mættu.

Stjórn hélst óbreytt milli ára. Þeir sem sitja í stjórn eru:

Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir Bjarnanesi 3, formaður, Þorgrímur Tjörvi Halldórsson Hraunhóli 8, ritari og Dagbjört Gerður Magnúsdóttir, Hæðagarði 19, gjaldkeri.

Varamenn:

Elías Tjörvi Halldórsson, Hraunhóli 8 og Hannes Halldórsson, Silfurbraut 4.

91. ársþing USÚ var haldið 29. apríl í Nýheimum og á hann mættu 4 fulltrúar frá Mána.

11. – 12. maí var haldið skáknámskeið. Fengum til okkar Birki Karl Sigurðsson sem sá um að kenna skákina. Það voru 13 börn skráð. Þetta var heldur langur tími fyrir unga skáknema en gekk almennt vel.

Þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur. Hátíðarhöld voru með hefðbundnum hætti. Gengið var frá Mánagarði upp að rétt. Upphaflega var stefnd að því að fara upp á Meðalfell en þar sem það voru með í för ungir og sprækir Nesjamenn sem þeyttust áfram var ákveðið að öruggara væri að fara með þá upp að rétt. Veður var stillt en frekar kalt. Þegar komið var aftur í Mánagarð bættist í hópinn, nokkuð góð mæting. Farið var í leiki, naglaboðhlaup, reipitog og pokahlaup svo eitthvað sé nefnt. Endað var á fótbolta og var þar mikið fjör bæði hjá ungum og öldnum. Að venju voru grillaðar pylsur og að loknum fótbolta var karamellum dreift um Mánavöll, öllum viðstöddum til mikillar gleði.

Borið var í bekki ungmennafélagsins í vikunni eftir 17. júní. Þeir voru frekar lúnir, voru pússaðir upp áður en borið var í þá.

15. ágúst var boðið á fría fótboltaæfingu á Mánavelli. Frábær mæting, um 20 manns. Mikið fjör.

Í lok ágúst var borið aftur í bekki áður en þeir fóru í geymslu í Akurnes. Þeir eru því klárir fyrir 17. júní 2025.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá sunnudaginn 1. desember en engin sérstök dagskrá var í kringum það. Fyrri jólatréð sem við fengum f auk í Laxá. Jólatréð kom frá Kiwanisklúbbnum Ósi og var seinna jólatréð í mjög passlegri stærð.

Verndarvængur styrktarfélag var styrkt í lok árs 2024.

Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir, formaður, Dagbjört Gerður Magnúsdóttir, gjaldkeri og Þorgrímur Tjörvi Halldórsson, ritari.

## Starfsskýrsla Ungmennafélags Öræfa

25. janúar - Leik- og Grunnskólinn í Hofgarði hélt þorablót í Hofgarði og UMFÖ tók þátt í því, Svanhvít og Dan gerðu rabarbaragraut með rjóma og þetta var í fyrsta sinn sem boðið var upp á eftirrétt á þorablótinu. Samkoman var vel heppnuð þar sem að minnsta kosti 43 mættu, gestir á

öllum aldri nutu þess að snæða saman. Skólabörnin léku á hljóðfæri og síðan leiddi Öræfingakórinn fjöldasöng. Reglulegar æfingar voru hjá Öræfingakórnum um veturinn.

Hið árlega Góuhóf er rekið á kennitölu UMFÖ, en það er alltaf sérstök nefnd skipuð um framkvæmdina og Hólmfríður Guðlaugsdóttir er gjaldkeri samkomunnar (upphaflega hafði einn úr nefndinni tekið það hlutverk að sér, en það komu tilmæli frá bankanum um að hafa meiri stöðugleika í því embætti).

5. apríl - Öræfingakórinn hélt opna æfingu á Hótelinu í Freysnesi, vegna veðurs færðum við æfinguna fram um einn dag. Efnisskráin var fjölbreytt og sungið á ýmsum tungumálum, í takt við heimalönd þátttakenda. Þar sungu Dan, Eva, Juanita, Lóa, Palla, Sigrún, Steina og Svanhvít. Dan lék á harmonikku, gítar og píanó og Steina stýrði söngnum. Við söknuðum auðvitað Beötu, hún hafði mætt á næstum allar æfingarnar en því miður komst hún ekki þennan dag. Sautján gestir mættu til að hlusta og Anna María bauð upp á heita drykki, við kunnum þeim öllum bestu þakkir fyrir.

9. apríl - Aðalfundur Ungmennafélags Öræfa var haldinn í Hofgarði, kl.20. Þangað mættu 10 manns og eftir venjuleg aðalfundarstörf voru umræður um viðburði sem UMFÖ gæti staðið fyrir.

29. apríl - Sigrún og Sigurður mættu á ársþingi USÚ, sem fram fór í Nýheimum.

25. maí - UMFÖ tók þátt í vorferð Skaftfellingafélagsins í Vestur-Skaftafellssýslu. Hjónin í Hruna, Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor í líffræði við HÍ og Helgi Björnsson jöklafræðingur, tóku vel á móti okkur og fræddu um sveitina sína sem heitir Fljótshverfi og einkum um þann hluta hennar sem heitir Brunasandur. Góð þátttaka var í vorferðinni. Frá UMFÖ komu Ásdís, Gunni, Lóa, Palla, Siggí, Sigrún og Sólrún. Frá Sk.fél. komu: Eiður, Gróa, Guðný, Gunnar, Gunnþóra, Hafdís, Inga, Kristín, Magga, Nonni, Stefán, Svavar og Viðar. Alls voru það því 20 manns sem sóttu þau hjónin heim, og svo ókum við um nærsvæðið og þáðum alls konar fróðleik. Fólkið að sunnan gisti á Hótel Laka og Sigrún bættist í þann hóp, daginn eftir fengum við skoðunarferð um nærsvæði hótelsins með hóteltjórastjórnunum Sallý og Herði, ásamt Skúla í Þykkvabæ.

17. júní - Hátíðahöld fóru fram í Svínafelli, í þjóðlegu veðri því á okkar landi verðum við alltaf að vera viðbúin rigningu. Fyrst var gengið upp í Minningarreitinn. Sigrún flutti stutta ræðu í tilefni 80 ára afmælis lýðveldisins, og fór með stutta sögu og vísu úr þjóðsagnasafni Magnúsar frá Hnappavöllum. Íris stýrði fjöldasöng, Jón Ágúst sagði frá Barna-Rúnka og Mols (sjálfboðaliði hjá Evu) flutti frumsamið ljóð. Að því loknu var gengið til baka þar sem Hólla og Lóa biðu með grillaðar pylsur, kex og drykki. Þetta var hin besta hátíð þrátt fyrir veðrið og mætingin var framar vonum, eða um 30 manns.

13.-14. júlí - Sophia og Hilmar hjá Glacier Horses buðu upp á Krakkaþjör í samstarfi við UMFÖ. Það er hestanámskeið fyrir 6 ára og eldri börn, þar lærðu þau grunnatriði um hesta, æfðu fínhyfingar og enduðu með því að fara í útreiðartúr. Góð þátttaka var í námskeiðinu og krakkarnir mjög ánægðir.

7. sept - Guðný Diljá og Svanhvít höfðu teiknað mjög flott merki fyrir UMFÖ, sem þær sendu í fínþússningu til grafíks hönnuðar sem heitir Anton. Anton sendi okkur 3 mismunandi útgáfur af merki UMFÖ sem við getum notað að vild.

28. des - Jólball UMFÖ var haldið í Hofgarði á laugardegi kl.17, það voru 36 gestir sem mættu. Dag- og tímasetning var ákveðin í samráði við foreldra barnanna. Írena, Guðjón og Þórður sáu um að skreyta jólatréð og undirbúa salinn, ásamt Sigrúnu. Lóa og Katerína lögðu hönd á plóg við kaffiveitingarnar, Alexander og Rúnar vinur hans tóku að sér að túlka Bjúgnakræki og Þvörusleiki. Sigrún og Lóa stýrðu söngnum við jólatréð og allt fór þetta mjög skemmtilega fram.

Stjórn UMFÖ

## Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hornafjarðar

Síðasti aðalfundur var haldinn 25. janúar 2024 þá voru kosin í stjórn Halldóra Bergljót Jónsdóttir og Kristján V Björgvinsson en Kristján Guðnason og Ásgeir Gunnarsson voru að klára fyrra ár af tveimur. Undirrituð var kosin formaður.

Einnig var kosið í mótastjórn en þar er formaður Jóna Benný og meðstjórnendur Hjálmar, Hreiðar Bragi, Jóhann Kiesel og Halldór Steinar.

Jóhann Kiesel og Halldór Steinar gefa ekki kost á sér áfram og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra framlag.

Árið byrjaði vel en um miðjan janúar kom golfhermirinn á staðinn. Nokkrir félagar í klúbbum og utan hans komu honum fyrir fljótt og vel og því má segja að starfsárið hafi hafist strax í febrúar en þá var byrjað að selja tíma í golfherminn og var hann vel nýttur fram á vorið.

Aðeins var unnið við húsnæði klúbbsins á árinu en það var að mestu fólgið í að koma hita á salinn sem hýsir herminn og á skápahúsið sem og að klára frágang hér og þar.

Barna og unglíngastarf sumarsins var í höndum Halldórs Steinars og Erlu en þau sáu um golfæfingar fyrir börn og þetta árið var gerð tilraun til að hafa þetta meira í formi æfinga yfir sumarið frekar en stutt námskeið eins og verið hafði. Okkur finnst vel hafa til tekist og vonum að hægt verði að hafa svipað fyrirkomulag í sumar. Einnig var gerð tilraun til að hafa unglíngagolf, svona í svipuðum stíl og kvinnagolf en þá sá Steinar um að fara með krökkunum hringinn og stundum komu fleiri fullorðnir til að labba með.

Golfhermirinn hefur einnig verið nýttur fyrir ungmennin okkar en FAS hefur fengið aðgang að honum á opnum dögum og einnig Grunnskólinn.

Við fengum golfkennara á svæðið og í þetta sinnið kom Valdís Þóra Jónsdóttir fyrrum atvinnukylfingur til okkar, hún var með æfingar fyrir börn og unglíngar í boði golfklúbbsins og bauð svo upp á tíma fyrir fullorðna. Við vonumst til að sjá Valdísi Þóru aftur í vor.

Félagsstarfið var öflugt og mikið fjör í mótahaldi sem formaður mótanefndar mun gera grein fyrir hér á eftir. Mesta stuðið var samt örugglega í Hefðarmeyja mótinu en á það mættu fullt af reyndum og óreyndum golfurum og einnig mættu Djúpvogingar á svæðið. Klúbburinn hélt eitt Íslandsmót sem þótti takast vel en þar sá Gestur Halldórsson um dómgæslu.

Á árinu hélt áfram að fjölga í klúbbum og þegar flestir voru skráðir voru félagsmenn 183 en núna eru skráðir 172

Mikil vinna var lögð í golfvöllinn enda var hann í afar góðu standi og hlaut mikið lof gesta og gangandi. Klúbburinn hafði tvo starfsmenn um sumarið en það voru þeir Sigurður Hallsson og Hreiðar Bragi Valgeirsson. Það er mikill munur fyrir allt starfið að geta haft fleiri en einn mann á launum við vallarvinnuna en það breytir því þó ekki að kalla þarf til sjálfboðaliða til einstakra verka þó það hafi minnkað.

Fljótlega eftir aðalfundinn var skipuð sérstök vallarnefnd en í henni sitja Kristján V Björgvinsson sem ber titilinn vallarstjóri, Kristinn Snjólfsson og reynsluboltinn okkar Gestur Halldórsson. Gísli Páll hefur svo verið okkur öllum til halds og trausts þegar á þarf að halda.

Klúbburinn réðist í kaup á áburðardreifara en hann mun einnig geta nýst til að vökva brautirnar en það kom einmitt upp í sumar að við bjuggum við langa þurrkatíð.

Haldið var áfram við að hækka upp teiga og nú var það karlateigurinn á fyrstu braut. Settar voru kylfu þvotta stöðvar á tvo teiga og kassar með fræjum þar sem ætlast er til að iðkendur dreifi fræjum annað slagið á teiginn. Reyndar virtust einhverjir misskilja tilgang þessara frækassa og trúðu rusli í þá. Þær stöllur Heiða Vilborg og Vigdís María sáu um skálann um sumarið og munu halda því áfram. Þær töfrðu fram girnilegar kökur og kræsingar og það var gaman að sjá að fleiri en golfarar nutu þess að koma í golfskálann. Þess má einnig geta að þær voru einstaklega vökular yfir því að fólk borgaði sig á völlinn og sést það í auknum vallargjöldum.

Við urðum var við aukningu á ferðamönnum sem komu og vildu spila völlinn, oft bókaði þetta fólk með löngum fyrirvara og á því má sjá að orðspor vallarins fer víða. En þetta þýðir líka að verkefnum fjölga og því oft þörf á að fá fólk inn í sjálfbóðaliða starf

Ég vil þakka öllum sem lagt hafa til vinnu í þágu klúbbsins fyrir þeirra framlag sem og fyrirtækjum, stórum sem smáum sem leggja okkur lið með ýmsu móti s.s. beinna styrkja, verðlauna á mót, vinnuframlaga án þess að rukka fyrir og svo mætti lengi telja. En án þessa væri erfitt að reka svona starfsemi.

Stjórn golfklúbbsins byrjaði nú í haust að huga að næstu verkefnum, nú þegar búið er að koma húsinu í nokkuð gott stand og tæki og tól virðast virka nokkuð vel er komið að vellinum sjálfum.

Unnið var að því að kortleggja hvaða verk lægu fyrir og síðan reynt að raða þeim niður á ár, eða tíma. Brýnasta verkefnið er að dreina 1. brautina og búið er að fá verktaka til að skoða hvernig það yrði best unnið og koma með kostnaðaráætlun. Dreina þarf einnig 4., 7., og 9. braut.

Við héldum einnig fund með Edwin Rolan sem hannaði golfvöllinn þegar hann var stækkaður. Fyrir liggur að göngustígur verður lagður í gegnum völlinn og vildum við því fá faglegar ráðleggingar um hvar og hvernig best væri að leggja hann. Auk annarra verkefna eins og nýja flöt á 3. braut og lausnir á því hvernig hægt er að laga flötina á 1 braut.

Við horfum einnig til framtíðar og höfum sent formlegt erindi til Sveitarfélagsins um stækkun svæðisins með það í huga að í framtíðinni yrði hægt að stækka völlinn í 12 holu völl.

Svo eru ýmiss smærri verkefni sem þarfnast sjálfbóðaliða þar má nefna að ganga frá stétt á milli golfskálans og skápahússins og gera þar skjólvegg.

Það þarf líka að bæta við vökvunarstútum á flatirnar og hugmyndin er að byrja á þremur þetta árið. Svo tínast alltaf til verkefni eins og við þekkjum.

Í sumar höfum við ráðið Vigni Snæ Borgarson í sláttinn í stað Sigga sem verið hefur hjá okkur í nokkur ár.

Stjórnin óskar félögum góðs og gleðilegs golfsumars.

Hornafirði 21. mars 2025, Halldóra Katrín Guðmundsdóttir

### **Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings**

Félagshesthús. fyrstu hross voru tekinn inn í félagshesthús í nóvember og voru stíur að mestu fullnýttar allan veturinn og þar af voru 7 stíur nýttar af börnum og unglimum.

Gengið var frá aukalæsingum á stóðhestastíum, bætt við útiljósum, skipt um bönd í gerðum, bætt við gerði vestan við félagshesthúsið, bætt við efni í nokkur gerði, vatnslögn lögð að gerðum norðan megin og frárennsli úr félagshesthúsi var lagað og betrubætt.



Reiðhöll

Sett var nýtt efni (gólflís) í gólf reiðhalla en Sveitarfélagið greiddi fyrir hana og svo sáu nokkrir Félagar um að dreifa úr henni yfir gólf. Reiðhöllin var vel nýtt í vetur bæði var fólk duglegt að þjálfa og temja og eins voru nokkuð margir dagar þar sem hún var upptekin vegna námskeiða. Mótanefnd var með vetraruppákomur og var þátttaka misjöfn og var eitthvað um að mótum var aflýst

Firmanefnd stóð sig með vel í söfnun firma og fá mikið hrós fyrir

Firmamót var haldið 25. apríl og voru 30 skráningar þar sem Kristín Lárusdóttir sá um að dæma og færum við styrktaraðilum kærar þakkar fyrir og svo var kökuhlaðborð hjá veitinganefnd í Stekkhól á eftir sem er alltaf jafn vinsælt.

Eitthvað var minna um skipulagðar útreiðar þetta árið en undanfarin ár en hinni hefðbundnu páskaútreið var aflýst vegna slæmra veðurskilyrða og svo voru einhverjir fleiri reiðtúrar sem fór minna fyrir. Þess ber líka að geta að það var nokkuð oft farið með hross í rekstur, tvo Öddahringi í einu eða 7 km. Og er bara orðið nokkuð vinsælt og taldi hátt í 50 hross í eitt skiptið.

Stekkhóll var eitthvað leigður út til veisluhalds og einnig til nokkurra félaga í golfklúbbum en þeir voru með Golfhermi í Stekkhól.

Reiðvegamála.

Setur var upp varnargarður á 100 m kafla við Hoffellsá og reiðvegur breikkaður en Landgræðslan fjármagnaði það, 2,7 mill komu svo frá Vegagerðinni til reiðvegamála þetta árið og er verið að vinna þessa dagana við viðgerðir á reiðleið frá Almannaskarði áleiðis til Dynjanda.

Vallarmál:

Grasrót sem var farinn að vaxa langt inn í hringvöll var eitruð og virðist það ætla að heppnast vel og ætti virkni eitursins að vara í nokkur ár, girt var nýtt hestahólf á svæðinu, Hestamannafélagið eignaðist nýtt dómhús sem kom sem styrkur í gegnum hestasýningar fyrir ferðamenn sem Pálmi Guðmundsson og félagar hafa staðið fyrir undanfarinn sumur. Ákveðið var að breyta um staðsetningu á dómhúsinu þar sem borið hefur á að kvartað hefur verið frá knöpum að gamla dómhúsið sé heldur nálægt keppnisbraut og hafi stundum truflað sýningar og eins með nýrri staðsetningu er betra yfirsýn fyrir þulinn.

Félagið fjárfesti í jarðvegshefli sem kemur til með að nýtast við ýmisleg verk svo sem reiðvegi, gólf í reiðhöll, völlum og vegi á svæðinu.

Félagsmót Hornfirðings og úrtaka fyrir Landsmót var haldið daganna 15. og 16. júní í blíðskapar veðri og gekk mótið vel en það voru 45 skráningar á það.

Landsmót Hestamanna var haldið í Víðidal í Reykjavík 1. til 7. júlí og áttum við í Hornfirðing nokkra fulltrúa og ber helst að geta unglingsflokkinn þar sem við áttum 2 fulltrúa í úrslitum og fór svo að Ída Mekkín Hlynisdóttir stóð uppi sem sigurvegari á Marín frá Lækjarbrekku.

Landsþing Hestamanna var haldið í Borgarnesi daganna 25. og 26. október og var á þinginu Pálmi Guðmundsson sæmdur Gullmerki LH fyrir störf sín í þágu hestamennskunnar í Hornafirði.

Stjórn HH.

### Ársskýrsla Klifurfélags Öræfa

Klifurveggurinn í Káraskjólí nýtur enn mikilla vinsælda og á ársgrundvelli er klifrað 2-4 sinnum í viku. Til að bæta aðstöðuna, keypti KFÖ lyftingabekk, rekka, stöng og lóð (130kg). Þetta hefur verið góð

viðbót í æfingarnar, þá voru teygjur og dýnur endurnýjaðar. Sumarið 2024 var stefnt að klifurfestivali á Hnappavöllum í samstarfi við ÍSALP, en frá því var horfið vegna auglýsts klifurfestivals á Seyðisfirði og ákveðið að styðja frekar við þann viðburð.

Stjórnarmeðlimir KFÖ voru virkir að bæta leiðaúrvalið á Hnappavöllum og eins bættist við ný fjölspannaleið í Vestrahorni sem er hugsuð fyrir byrjendur í fjölspannaklifri.

Á árinu fékk félagið loksins fréttir af stöðu mála varðandi stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Sandfell, en ljóst er að VJP er ekki komin eins langt með vinnuna og lagt var upp með. Því miður sjáum við því engar fréttir varðandi fjallaskála-mál þar á næstunni en vonum að á nýju starfsári verði hægt að hefja þá vinnu.

Klifurfélagið stefnir á að taka krakkaklifrið upp að nýju eftir sumarið enda mikilvægt fyrir börnin á svæðinu að geta stundað líkamsrækt.

Íris Ragnarsdóttir Pedersen, formaður KFÖ

### Ársskýrsla Ungmennafélagsins Vísis

Árið 2024 fór að mestu leyti í einn verkþátt og held ég að megi segja að hann hafi gengið vonum frammar! Það var eitt af þeim atriðum sem rædd voru á endurvakningar fundinum 2022, að finna allar leiðir til þess að fjölga félagsmönnum. Þarna sannaðist hið fornkveðna að menn uppskera eins og þeir sá! Fólk var að vísu misnákvæmt í sáningunni, en án þess að á neinn sé hallað þá verður að segjast að Skálafellingar hafi e.t.v. vandað sig betur en aðrir og uppskáru strák nákvæmlega á settum aðalfundar tíma þann 29. mars 2024, en þau á Leiti völdu reyndar alls ekki síðri dag, því 8. apríl á 112. afmælisdegi Vísis fæddist þeim drengur. Þetta er aðeins brot af þeim börnum sem fæddust félagsmönnum á síðastliðnu ári en samtals urðu börnin 10 sem eru ýmist innfæddir Suðursveitungar eða með sterka tengingu og eiga í það minnsta afa og ömmu úr sveitinni. Þökkum við öllum þessum fjölskyldum fyrir sitt framlag og óskum um leið til hamingju með einstakan árangur!.

Bridge deildin stóð fyrir bridge kvöldum fram eftir vetri og voru þau sótt ágætlega sem og krakkaglens sem haldið var í nokkur skipti um veturinn.

17. júní hátíðarhöldin fóru fram á Staðarárbökkum á gamla íþróttavellinum þar, mokað var upp úr langstöcks gryfjunni og settur sandur í hana, völlurinn sleginn og skartaði hann sínu fegursta, farið var í hina ýmsu kappleiki og endað á langstökki og kringlukasti.

Í lok júlí var svo útkall og mættu þangað okkar dyggustu félagsmenn 4 kvöld í röð. Sóttu sand út á fjöru og sléttuðu úr og lögðu svo hellur og gerðu stétt bæði fyrir utan aðalinngang félagsheimilisins sem og framan við tröppurnar við gamla innganginn, þessar tvær stéttar eru jafnframt tengdar saman með gangstétt. Auk þess tóku félagsmenn sig saman og rifu upp trjáranna sem höfðu sáð sér hingað og þangað umhverfis bílastæðið og bættu svo mól vestan og norðan við bílplanið og sléttuðu úr svo að útlínur þess færu aftur þangað sem þær voru áður en framkvæmdir við skólahúsið hófust og jókst bílastæða fjöldi þónokkuð við þessa framkvæmd auk þess sem umhverfið er snyrtilegra.

Dagana í kring um verslunarmannahelgina viðraði ekki vel til útverka í Suðursveit og voru þeir dagar því nýttir vel í krakkaglens og félagsvist. Á sama tíma fékk félagið borðtennisborð að gjöf frá Axel í Króki og var hamast í borðtennis dagana á eftir, kunnum við Axel bestu þakkir fyrir. Þess skal einnig getið að formaður útvegaði körfu í “fullorðins” stærð sem stendur nú hér í húsinu og hefur fengið ágætis notkun, auk þessa bættust við svo kallaðir pickle ball spaðar í húsið og voru þeir vígðir um

verslunarmannahelgina og svo allt sé nú tíundað þá splæstum við í lok árs í nýja úrvals borðtennispaða fyrir Jólaborðtennismótið.

Í ágúst fór formaður og fundaði með Bæjarstjóra og skipulagsstjóra um skipulagið kringum Hrollaugstaði og þá sér í lagi á og í kringum íþróttavöllinn okkar, ástæða fundarins var fyrirhuguð vallargerð félagsins, að leggja hlaupabrautar efni á hluta af íþróttavellinum og gera þar topp aðstæður fyrir æfingar í hinum ýmsu íþróttagreinum, hægt verður að keppa í 60m hlaupi, 60m grindahlaupi, langstökki, þrístökki, hástökki, spjótkesti, kúluvarpi kringlukasti og sleggjukasti við löglegar aðstæður. Einnig kemur út úr þessu völlum ca. 19x21m að stærð með möguleika á að stækka svæðið á tiltölulega einfaldan hátt í 19x24m með því að smíða lok yfir langstökksgryfjuna. Á því svæði verður hægt að leika körfubolta, handbolta, blak, badminton og tennis svo það helsta sé nefnt. Nánar verður farið í útlistun á vellinum hér síðar á fundinum, formaður hefur náð að landa sérlega góðu tilboði í hlaupabrautarefni og lagningu þess, þar er um að ræða efni frá Mondo, sem er það besta sem völ er á. Teikningar sem formaður hefur gert af vellinum í samstarfi við sérfræðing í slíkri vallargerð hafa verið sendar inn sem og umsókn um leyfi til að fara í framkvæmdina og ósk um fjárframlag frá sveitarfélaginu, enn fremur hefur verið fengið leyfi frá landeigendum Kálfafellsstaðar jarðarinnar fyrir því að fara í framkvæmdina. Formaður hefur jafnframt fengið loforð um að málið verði tekið fyrir hjá sveitarfélaginu strax í upphafi árs og muni svar liggja fyrir þann 7. janúar.

Árið endaði á nokkuð þéttri dagskrá en 28. desember var haldið borðtennismóti þar sem 26 mættu til keppni auk 14 áhorfenda, spilað var í 4 riðlum og úrslitin send út í beinni útsendingu. Stóð Atli Már Björnsson uppi sem meistari eftir einvígi við Guðmund Reyni Friðriksson og varði hann titil sinn síðan 1. janúar 2014, en þann sama dag var jafnframt facebook síða Vísis stofnuð í kjölfar hugmyndar haustið 2013 um að endurvekja Ungmennafélagið Vísí.

29. desember var svo stórdansleikur, þegar Jólabball Vísis og kvenfélagsins Óskar var haldið. Mættu um 100 manns og dansað var í 3 hringjum í kringum jólatréð.

30. desember settu félagar Vísis upp veglegan 86" fundarskjá í félagsheimilinu sem Sveitarfélagið keypti og verður t.d. hér eftir hægt að taka þátt í fundum félagsins hvaðanæva sem er úr heiminum. Um kvöldið var svo spilakvöld þangað sem 18 manns mættu.

Bjarni Malmquist Jónsson - formaður Umf. Vísis

**Skýrsla hafði ekki borist frá Akstursíþróttafélagi Austur-Skaftafellssýslu og Skotfélagi Austur-Skaftafellssýslu þegar gengið var frá ársritinu. Þá verður aðalfundur Umf. Sindra haldinn viku eftir þingið. Skýrslum þessara félaga verður bætt í vefútgáfu ársritsins þegar þær berast.**

---

**Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók ársritið saman.**